

Microsoft Dynamics NAV 5.01

Um Microsoft Dynamics NAV

Microsoft Dynamics NAV er áframhaldandi þróun á Navision Financials og Attain sem hafa notið mikillar velgengni um heim allan. Lausnin er sérstaklega hönnuð til að auðvelda vinnuferla í fyrirtækjum í sambandi við fjármálastjórnun, vörustjórnun og rafræn viðskipti. Lausnin uppfyllir þarfir íslenskra fyrirtækja, óháð því hvaða sérkröfur eru gerðar um viðskiptaferla, fjármálastjórn og stjórnun.

Lausninni fylgja einnig heilmörg glæný vefverkfæri sem hjálpa til við viðskiptamanna- og lánardrottastjórnun, rafræn viðskipti, netaðgang að kerfinu og rafræn skjalaskipti. Microsoft Dynamics NAV gefur möguleika á sjálfvirkri útprentun skýrslna, fjöldabókunum, uppfærslu- og viðhaldskeyrslum, meðhöndlun á tengslum og samskiptum við viðskiptavinum (CRM) og margt fleira.



Nýjungar og kostir útgáfu 5.01:

- Allt að 30% hraðaaukning frá eldri útgáfum
- Gagnagrunnurinn minnkar um allt að 25-30%
- Með einum hnappi er hægt að færa gögn úr öllum gluggum beint í Excel eða Word
- Stílblöð fyrirtækisins (template) aðgengileg fyrir prentanir og póstsendingar á gögnum úr kerfinu
- Hægt er að hengja viðhengi á viðskiptavinum, lánardrottum, tilboð o.fl.
- Fyrirframgreiðslur á sölupantanir
- Samþykktarferli skjala
- Innkaupaferill lánardrottum
- Í heild voru gerðar um 300 breytingar og lagfæringar frá fyrri útgáfu!

Það hefur verið haft að leiðarljósi við þróun á Microsoft Dynamics NAV að notendaviðmót sé ávallt einfalt og þægilegt og tileinki sér þær nýjungar sem að gera kerfið enn betra. Í dag er kerfið í sama notendaviðmóti og Outlook sem einfaldar til muna notkun og lestur kerfisins og hefur þessi þróun mælst mjög vel fyrir á meðal notenda NAV. Allar nýjungar í útgáfu 5.01 stuðla enn frekar að frábæru notendaumhverfi þar sem vinnuferlar eru einfaldaðir og vinnusparnaður aukinn sem býður uppá betri nýtni á starfskröftum fyrirtækja.

Nánari upplýsingar veitir
söludeild Maritech:

Sími: 545 3200

sala@maritech.is